

Stjórnarfundur 07.03.2018 kl 17.00

Mættar: Hugborg, Telma, Björk, Diljá og Guðrún sem ritar fundargerð. Katrín og Katrín boðuðu forföll.

- a) Aðeins eru 15 ógreiddar kröfur sem er ágæt innheimta. Stjórnin hvetur foreldra til að ath í heimabankann sinn og borga kröfuna ef hún stendur enn þar.
- b) Foreldrafélagið ætlar að senda út hvatningu til foreldra að taka þátt í viðburðum með börnunum sínum og nýta þá fræðslu sem foreldrafélagið stendur fyrir. Það eru gjöldin sem borga fyrir hana og þá viðburði sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju skólaári.
- c) Fræðsla frá SAFT rædd. Kostnaður, framkvæmd og óánægja með innihald og fyrirlesara. Aðeins 18 foreldrar sem mættu.
- d) Stjórnin ætlar að leita áfram að einhverri uppákomu fyrir nemendur/foreldra þar sem til er peningur til að greiða fyrir slíkt.
- e) Aðalfundur verður 16. maí. Fundarboð verður sent út 2 vikum fyrr. 2 stjórnarmeðlimir munu hætta störfum í ár og auglýst verður eftir foreldrum til að taka þeirra stöður.
- f) Foreldrafélagið býður uppá ísferð með umsjónarkennara fyrir alla nemendur á vordögum eins og gert hefur verið undanfarin ár.
- g) Kosning vegna skólastefnu rædd sem mun fara fram í apríl.

Fundi slitið kl. 18.00